

***Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 25. febrúar 2021: Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um innleiðingu þjónustustefnu:***

Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um innleiðingu þjónustustefnu. Fulltrúi Flokks fólksins vill spyrja út í liðinn Staða verkefna; Verið er að vísa í einhver verkefni sem erfitt er að átta sig á. Eru þetta tækniverkefni eða kaup á nýjum kerfum eða bara einhver óskilgreind hugmyndavinna? Hvað kostar þessi vinna og hverju skilar hún í formi hagræðingar? Eru þessar kostnaðarsömu leiðir einu leiðirnar sem hægt er að fara til að bjóða borgarbúum upp á góða upplýsingatækniþjónustu? Fulltrúi Flokks fólksins spyr út í Gróðurhúsið; Hvað kostar þessi hugmyndavinna sérstaklega? Hvað er reiknað með að komi út úr hópvinnumni sérstaklega og var fjöldi tíma í teymisvinnu nauðsynlegur til að ná markmiðinu? Spurningar vegna Stafrænnar umbreytingar; Hvaða lausnir eru farnar að virka í reynd af stafrænni umbreytingu sem búið er nú þegar að verja hundruð milljóna í? Spurningar vegna Hugmyndavinnu og þjónustuhönnun: Hvar er hægt að sjá lausnirnar, endapunktur hugmyndavinnunnar? Hvernig er hægt að mæla þessi huglægu fyrirbæri þannig að borgarbúar geti séð og þreifað á því sem kosta þá milljónir, jafnvel milljarða? R21020221